



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á fjölskylduhátíð í Dalabúð
í opinberri heimsókn í Dalabyggð
7. desember 2017**

Sveitarstjóri, sveitarstjórnarfólk,
Dalamenn,
kæru vinir

Undir lok heimsóknar hingað í Dalabyggð þakka ég fyrir hönd okkar hjóna alla þá gestrisni og velvild sem við höfum mætt. Og víða höfum við farið. Ferðin hófst í gær með stuttri heimsókn að Fellsenda og síðan lá leiðin að rjómabúinu á Erpsstöðum; þar nutum við þess góðgætis sem ábúendur framleiða og selja beint frá býli. Þá var haldið að ostagerð Mjólkursamsölnunnar í Búðardal, þaðan í Leifsbúð þar sem skeggrætt var um framtíðaráform í ferðapjónustu og loks kynntum við okkur Byggðasafnið á Laugum.

Í dag höfum við líka gert víðreist. Á hverjum sögustaðnum á fætur öðrum var vel tekið á móti okkur; á Staðarhóli, að Skarði og Staðarfelli, Eiríksstöðum og Kvennabrekku. Hvarvetna fundum við anda liðinna daga en í Auðarskóla í hádeginu heilsaði framtíðin okkur, kátir krakkar sem gaman var að spjalla við. Þeir voru líka ungir að árum, sauðfjárþændurnir sem tóku á móti okkur á Kringlu. Vel var svo við hæfi að okkar síðasti áfangastaður fyrir þá fjölskylduskemmtun, sem við nú sitjum, væri Silfurtún, dvalarheimilið góða hér í bæ. Fróðlegt var að hitta þar aldna Dalamenn, karla og konur sem höfðu frá ýmsu að segja af langri ævi.

Og hvers erum við Eliza nú vísari? Hvað vitum við meira um Dalabyggð og fólkið sem býr hér, ykkur í salnum og alla hina? Hvað höfum við lært um liðna tíð og hitt sem bíða kann?

Fegurðina kunnum við að meta, náttúru sem víða er ósnortin og ægifögur – og núna í vetrarbúningi. Ekki sáum við blómið fyrir vestan

sem Steinn Steinarr kvað um á sínum tíma, búinn að vaxa úr grasi í Saurbæ, lengst af í Miklagarði. Steinn unni Breiðafirði og Dölunum – og orti syðra:

Þykir mér á þessum slóðum
þrengjast hagar.
Fáir meta ljóðalestur,
langar mig í Dali vestur.

Mörg önnur skáld mætti nefna og vitna til. Í hugann koma Stefán frá Hvítadal og Jóhannes úr Kötlum, og svo mætti áfram telja. Við Íslendingar kunnum sannarlega að meta ljóðlist Dalamanna.

Já, og svo eru það sögurnar og sögustaðirnir sem hér eru við hvert fótímal. Ég freistast til að taka undir þau orð eins héraðshöfðingjans forðum sem sagði Dalina „söguríkasta hérað landsins“. Söguslóðaferð mætti hægast hefja við Krosshólaborg, klettastapann þar sem Auður djúpúðga lét reisa krossa sína, löngu áður en kristni var lögtekin í landinu. Einnig mætti hefja leikinn á Eiríksstöðum, bæ Eiríks rauða og fæðingarstað Leifs heppna, sonar hans og Þjóðhildar Jörundardóttur. Svo væri líka ráð að taka fyrstu skrefin inn í Þjóðarsöguna á Skarðsströnd; þar nam land Geirmundur heljarskinn, ættgöfgastur allra landnámsmanna að sögn Landnámu og söguhetja í nýlegri bók Bergsveins Birgissonar, Leitin að svarta víkingnum.

Svo gætum við stokkið frá fyrstu árum Íslandsbyggðar að Sturlungaöld, komið við á Hvammi; þar bjó jú ættfaðirinn Hvamms-Sturla og þar fæddist Snorri Sturluson. Ekki má gleyma Staðarhóli, þar bjó Sturla Þórðarson lengi, eða Sauðafelli og fleiri stöðum sem koma fyrir í blóði drifinni sögu þessara tíma.

Næstu aldir geyma líka sögufræga staði og viðburði. Hvað með Skarð á Skarðsströnd, það forna höfuðból þar sem Þórður Narfason, ritstjóri Sturlunga sögu sat, skjólstaðingur Sturlu Þórðarsonar? Löngu seinna leiddi Ólöf ríka þá Englendinga, sem höfðu vegið Björn bónda hennar, í þrældóm. Svo er það Kvennabrekka, fæðingarstaður Árna Magnússonar handritasafnara sem ólst upp í Hvammi hjá Katli Jörundarsyni móðurafa sínum, einum nafntogaðasta handritaskrifara 17. aldar. Þegar Árni innritaðist til háskólanáms í Þýskalandi var hann færður til bókar sem „Dalas Arnas Magnenus Isla Island“, „Dala-Árni, sonur Magnúsar, frá eyggi Íslandi“.

Góðir áheyrendur: Ekki geymir sagan aðeins frásagnir af göfugum landnámsmönnum og ríkidæmi, höfðingjum og handritasöfnurum. Einn félagi minn í heimi sagnfræðinnar kannaði skýrslur um dánarbúi í Dalasýslu undir lok átjándu aldar. Tökum þar sem dæmi Sigríði

Einarsdóttur, ekkju á Krossi. Þegar Sigríður kvaddi þennan heim árið 1791 voru jarðneskar eigur hennar sem hér segir:

Sex ær
Eitt lamb
Kýr 18 vetra gömul
Skinnsæng með fiðri forn
Skinnkoddi með fiðri, garmur
Fornfálegt brekán
Brekáns garmur
Sessugarmur og svæfilgarmur
Tveir rekkvoðargarmar
Ný rekkjuvoð
Tvær skyrtur fornar
Nærpilsgarmur og svuntugarmur
Útstagaður pilsgarmur
Peysugarmur
Nýtt einskeftupils blátt
Forn vaðmálshempa
Beltisól með hringju
Tunnusár
Kistilskrifli
Einn fjórðungur 13 merkur ullar, mikið af því þvegið

Lífsbaráttan var hörð hér eins og svo víða, fátæktin mikil, misrétti sömuleiðis. Og þótt búbót væri að fugli og fiski reiddu Dalamenn sig á sauðkindina öld fram af öld. Sú var enn raunin þegar nútíminn gekk í garð á Íslandi. Til sveita kom hann í gervi Willys- og Rússajeppa, Farmalla og Ferguson. Steinólfur Lárusson í Fagradal, sem lést í hárríelli fyrir fimm árum, landskunnur fyrir hnyttin tilsvör og fjör, var einn þeirra sem heillaðist af öllum heimsins nýjungum og framförum. Hann viðurkenndi fúslega að sveitungar hans vissu miklu meira um eigin búsmala en hann um sínar rollur, og sagði svo frá í endurminningum sínum: „Ég þekkti aldrei eina kind frá annarri, á meðan sumir bændur þekktu af hvaða lambi sviðahausarnir voru þótt þeir hefðu legið í súr í átta mánuði.“

Enn er landbúnaður mikilvægur hér í ykkar heimabyggð, ágætu Dalamenn. Margt er þó breytt, fátt stöðvar tímans þunga nið. Ekki vissi ég fyrr en nýlega að Guðmundur Thorarensen, einn minna skólalabraðra og vina í Garðahreppi, nú Garðabæ, hefði flust frá Heinabergi árið 1972 með fólki sínu. „Héðan flutti ég ... úr nánast annarri veröld en hér er nú,“ sagði Guðmundur í blaðaviðtali í hittifyrri: „Þá var hér búið á flestum jörðum. En ég vil halda tengslum við svæðið. Það er fínt að skreppa hingað.“

Síðustu áratugi hefur fólki á þessum slóðum enn fækkað. – En það þýðir alls ekki að sú hljóti áfram að vera raunin. Sóknarfærin eru mörg og vænleg. Sagan, sveitin og smæðin sjálf geta veitt von og eiga að veita von. Menningar- og sögutengd ferðapjónusta hefur skotið rótum í byggðarlaginu, brýnt er að hlúa að henni, efla og styrkja. Í haust sáum við merki þess með stuðningi stjórnvalda við fyrirhugað Vínlandssetur í Leifsbúð, og stórhuga áform um „gullna söguhringinn“ eiga vonandi eftir að lokka hingað marga ferðalanga, innlenda og erlenda.

Hér í Dalabyggð getum við vissulega ekki lokað augunum fyrir vanda sauðfjárbænda, lágu afurðaverði og erfiðleikum við að ná endum saman. Leita þarf nýrra leiða, nýrra tækifæra. Hér hef ég heyrt talað um vindorkugarð og gagnaver, og í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er lofað sérstökum aðlögunarsamningum um nýja starfsemi svo að bændur geti byggt upp nýjar búgreinar eða haslað sér völl á öðrum sviðum. Stjórnin muni auk þess láta það verða meðal sinna fyrstu verka „að bregðast við vanda sauðfjárbænda til skemmri og lengri tíma“. Þá verði áhersla lögð „á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi“.

Þetta eru göfug markmið og ríma ágætlega við þá framtíðarsýn sem við höfum kynnst hér í Dalabyggð í gær og í dag. Og smæðin – hún getur verið ykkar styrkur. Á það var bent fyrir um áratug í einni skýrslu Byggðastofnunar um byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun. Þetta sveitarfélag var í þeim hópi en það voru orð að sönnu sem þar standa: „Í Dalabyggð er fjölskylduvænt samfélag og umhverfi og fámennið er einnig styrkleiki og veitir öryggi.“ Leyfið mér líka að vitna til orða Hlökkvers Inga Gunnarssonar skólastjóra sem hann lét falla í viðtali fyrir rúmu ári, um kosti landsbyggðarinnar almennt og lífið hér sérstaklega: „Það er merkilegt hvað fólk úti á landi er oft fjölhæft, vel upplýst, kann til verka í mörgu og grípur í margt. Sami einstaklingurinn gæti til dæmis verið tónlistarkennari í skóla, organisti og kórstjóri í kirkjunni, verið með sveitabúskap og einnig í hreppsnefnd. Svona tilbúin dæmi eru ekkert úti í bláinn enda krefst samfélagið þessa.“

Góðir áheyrendur: Í hvernig samfélagi viljum við búa hér á Íslandi? Ég hygg að við viljum eiga saman traustar grunnstoðir. Fólk þarf að geta séð sér og sínum farborða, unnið störf sem það hefur menntað sig til og nýtur að sinna á degi hverjum. Fólk þarf að geta reist sér þak yfir höfuðið án þess að bogna undan þungum skuldum og fjárhagsáhyggjum. Verslun og þjónusta verður að vera í boði, ekki endilega við túnfótinn en á næstu grösum. Fólk verður að geta leitað til læknis þegar nauðsyn krefur, notið ævkvölds í öryggi á heimaslóð. Samgöngur skulu vera greiðar, og rafrænar tengingar tryggar. Leikskóla og skóla þarf fyrir börn og

unglinga, íþróttir og aðrar tómstundir. Já, fólk þarf að geta notið afþreyingar að vinnu lokinni, ræktað hug og hönd ef því er að skipta, sungið í kór, stigið á svið í áhugaleikhúsi, lagt sitt af mörkum í björgunarsveit, sótt bókaklúbb og saumaklúbb, horft með vinum á strákana og stelpurnar okkar slá í gegn úti í heimi, gert sér glaðan dag, skapað sér samfélag.

Og í því samfélagi skal ríkja umburðarlyndi, jafnrétti og kærleikur. Áreitni og einelti skal aldrei liðið en hjálpsemi og samstaða í hávegum höfð. Gott, öflugt og heilbrigt samfélag af þessu tagi á að vera hægt að skapa um gervallt Ísland þar sem fólk vill lifa, í sátt við náttúru landsins, í sátt og samlyndi við aðra, og því þá ekki hér í Dalabyggð?

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég aftur þann góða beina sem við höfum notið í heimsókn okkar. Gangi ykkur allt í haginn.